

Umhverfis- og samgöngunefnd

Höskuldur Þórhallsson, formaður,

Kaldaðarnesi, 10. mars 2015.

Athugasemdir stjórnar Veiðifélags Árnesinga við Hagavatnsvirkjun.

Fyrir liggur þingsályktunartillaga um að færa Hagavatnsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk.

Samkvæmt lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun, skal ákvörðun um hvort nýta megi landsvæði til orkuvinnslu byggja á heildstæðu og faglegu mati og er verkefnastjórn falið það mat.

Verkefnastjórnin hefur ekki lokið störfum og því eru ekki fyrir hendi þær forsendur sem lögum nr. 48/2011 er ætlað að tryggja að liggja fyrir áður en virkjun geti flokkast í nýtingarflokk.

Rökin fyrir röðun virkjunarinnar í biðflokk er óvissa um gildi virkjunar til að draga úr uppblæstri og sandfoki.

Að mati stjórnar Veiðifélags Árnesinga vantar augljóslega rannsóknir á fleiri sviðum. Engar rannsóknir liggja fyrir um áhrif framhlaups Hagafellsjökla/Langjökuls í fyrirhugað virkjunarlón. Sérstaða Hagavatnsvirkjunar er mikil þar sem áhrifa skriðjökulsins gætir beint á virkjunarstaðnum. Þekkt er að jökullinn hleypur fram í Hagavatn og ryður á undan sér jökulsetinu og veldur miklum hamfarahlaupum niður Hvítá og Ölfusá. Á síðustu öld urðu hlaup árin 1929, 1939, 1975, 1980 og 1999. Hafa hlaupin mikil áhrif á vistkerfi vatnasviðs Ölfusár og Hvítár. Áur sest í búsvæði smádyra og laxfiskaseiða og hefur mikil áhrif á seiðabúskap og þar af leiðandi laxfiskastofna ána. Með stækkun lónsins mun jökulaurinn hlaðast upp í lóninu og það að lokum fyllast. Jökullinn getur hvenær sem er hlaupið fram og svara verður því hvaða áhrif það komi til með að hafa og þá sérstaklega vegna hlaupanna niður Hvítá og Ölfusá. Óvíst er að vistkerfið komi til með að þola að fá svo mikið uppsafnað set yfir sig í einu.

Á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár er að finna eitt stærðsta lífríki landsins og meðal annars stærstu laxastofna í Norður-Atlantshafi. Tryggja þarf að lífríkinnu stafi ekki ógn af fyrirhugaðri virkjun en það hefur lifað og dafnað við núverandi skilyrði. Allar breytingar á rennsli og samsetningu vatns er mikið inngríp í náttúruna. Varrúðarregla er hin skráða- og óskráða regla náttúruverndar sem ber að virða með því að tryggja að Hagavatnsvirkjun verði ekki flokkuð í nýtingarflokk án vandaðs undirbúnings og rannsókna.

F.h. stjórnar Veiðifélags Árnesinga,

Jörundur Gauksson, formaður.

